# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.**

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur Skipulagsstofnun þann 17. febrúar 2011, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin varðar landnotkun á götureitum sem afmarkast af Bjargarstíg til suðurs, Bergstaðastræti til vesturs, Óðinsgötu til austurs og miðborg til norðurs (reitur 1.180.3). Á prentuðum uppdrætti aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 var íbúðarbyggð á umræddu svæði ranglega merkt sem athafnasvæði. Breytingin nær til þéttbýlisuppdráttar aðalskipulagsins og felur í sér að umræddir götureitir verða skilgreindir sem íbúðarsvæði í stað athafnasvæðis.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við ný skipulagslög nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 17. febrúar 2011.*

**Stefán Thors.**

*Erna Hrönn Geirsdóttir.*